



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

### Efni:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mál 2. í fundargerð skipulagsfulltrúa frá 11. janúar 2024

*Visað er til máls nr. 2 í fundargerð skipulagsfulltrúa frá 11 janúar en þar var samþykkt að veita leyfi fyrir svalaskýli við vesturgafli á svölum á Rafstöðvarvegi 31. Í fundargerð var síðan búið að afmá alla umfjöllun um málið eins og það hafi aldrei verið tekið fyrir. Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á þessu og hvað þarna hefur átt sér stað?*

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. febrúar 2024:

*Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sbr. 13. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs 31. janúar 2024 um mál 2 í fundargerð skipulagsfulltrúa frá 11. janúar 2024.*

**-Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.**

### Svar:

Fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. janúar sl. var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 17. janúar sl. Mál er varðar svalaskýli við vesturgafli Rafstöðvarvegur 31 er hvergi getið í umræddri fundargerð og var ekki tekið fyrir á þeim fundi. Umrætt mál, Rafstöðvarvegu 21 – USK23110290 var tekið fyrir og afgreitt með umsögn verkefnisstjóra á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júní sl.

*Rafstöðvarvegur 31 - USK23110290 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. desember 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. desember 2023 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070140 með því að byggja svalaskýli yfir svalir á 1. hæð við vesturgafli í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. janúar 2024.*

*Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 25. janúar 2024. Samræmist ekki hverfisskipulagi.*



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar vart lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð 31. janúar sl.

---

Björn Axelsson